

Alþingi
Erindi nr. P 132/1625
komudagur 18. 4. 2006

UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

:- Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Alþingi Heilbrigðis- og trygginganefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. apríl 2006
Tilvísun: UST20060300170/bb

Umsögn um þingsályktunartillögu um takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru

Umhverfisstofnun hefur borist tillaga til þingsályktunar um takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru til umsagnar. Markmið ályktunarinnar er að sporna við offitu, einkum meðal barna og ungmenna.

Þingsályktunin felur í sér að heilbrigðisráðherra verði falið að kanna grundvöll fyrir setningu reglna um takmörkun auglýsinga á matvöru sem inniheldur mikla fitu, sykur eða salt. Í tillögunni er bent á eitt úrræði þ.e. að ná samstöðu um að þessar vörur verði ekki auglýstar í sjónvarpi fyrir klukkan níu á kvöldin.

Fagna má öllum aðgerðum sem hugsanlega geta spornað við þeirri óheillaþróun sem átt hefur sér stað á holdafari þjóðarinnar undanfarna áratugi. Umhverfisstofnun telur þó hnökra á að áður nefnt úrræði sé framkvæmanlegt og veltir vöngum yfir hversu miklu árangri það kunni að skila.

Í tillögunni er óljóst hvernig og hvar skuli setja viðmiðunarmörk fyrir vörur sem innhalda mikla fitu og sykur, en slík mörk eru grundvallaratriði til að hægt sé að framkvæma takmarkanir. Í því sambandi má benda á að annað hvort er hægt að miða við magn efnanna í matvörunni (g/100 g) eða orkuna sem fæst úr efnunum (% orku). Ekki er óeðlilegt að miða við seinni kostinn þar sem um holdafar er að ræða, en það kostar nokkra útreikninga og þekkingu á málefnum. Til viðmiðunar má hugsa sér að nota Ráðleggingar Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringarefni, en þar segir að hæfilegt sé að fá 25-35% orkunnar úr fitu og að viðbættur sykur gefi ekki meira en 10% orkunnar. Þarna er reyndar verið að tala um heildarsamsetningu fæðisins og spurning hvort réttlætjanlegt sé að nota þessi viðmið á einstaka fæðutegundir.

Umhverfisstofnun telur að erfitt geti reynst að framkvæma takmarkanirnar en óljóst er af tillögunni hver og hvernig standa skuli að eftirliti með að ákvæði samkomulagsins verði uppfyllt.

Í fylgiskjali III með þingsályktunartillögunni er vitnað í alþjóðlega rannsókn frá 1996-1999 þar sem fram kom að matvörur væri stærsti flokkur auglýstra vara í dagskrárliðum barna og byggir umrædd tillaga væntanlega á þeirri staðreynd. Hins vegar má velta fyrir sér hvað umrædd takmörkun muni skila miklum árangri. Hér skortir mat á því hversu margar


auglýsingar á matvörum þingsályktunin gæti hugsanlega stöðvað hér á landi og á hvaða rannsóknnum slíkt mat byggir. Þá er rétt að benda á að vegna jafnræðis þyrfti væntanlega að líta til fleiri miðla en ljósvakamiðla varðandi takmörkun á auglýsingu, svo sem myndbönd ætluð börnum og vefinn.


Ákvörðun um takmörkun auglýsinga á ákveðnum tímum sólarhrings og í ákveðnum miðlum er stór ákvörðun og því þarf að mati Umhverfisstofnunar að vera ljóst að aðgerðin skili umtalsverðum árangri til að hægt sé að réttlæta hana.

Að lokum má geta þess að það vekur undrun að salt skuli tekið með næringarefnum sem tengjast holdafari. Ljóst er að mikil saltneysla er ekki æskileg þar sem hún getur stuðlað að hækkun á blóðþrýstingi og hefur verið tengd við hjarta- og æðasjúkdóma og jafnvel sumar tegundir krabbameins. Mikil saltneysla er þó ekki talin ein af orsökum offitu.

Af framangreindu má ljóst vera að Umhverfisstofnun telur ýmsa hnökra á tillögu til þingsályktunar um takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru þó málefnið sé góðra gjalda vert.

Virðingarfyllt


Elín Guðmundsdóttir
Forstöðumaður matvælasviðs


Brynhildur Briem,
sérfræðingur

Afrit: Umhverfísráðuneyti